

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Tískuteikning (HTL 232) Kennsluáætlun (Haustönn2014)	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 3		

Nafn kennara:	Anna María Guðmann	Sk.stöfun:	AMÍ
Sími: 897-8621	Viðtalstími á fimmtudögum 12:45 – 13:15 í vinnustofu kennara á listnámsbraut	Netfang	ami@vma.is



Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur undirstöðuatriðin í tískuteikningu. Aðaláherslan verður lögð á æfingar fyrir tískuteikningar, stöðu líkamans, mismunandi stílbrigði og frágang teikninga. Helstu teikniáhöld eru notuð og einnig farið í litavinnu og litasamsetningar. Skoðuð eru form líkamans, jafnvægi, hlutföll, vaxtarlag og hreyfing. Unnið með skyggingu og áferðarteikningu í fatnaði svo nemendur geti skapað dýpt í teikningar sínar. Nemendur vinna með listrænan þátt tískuteikningar og hvattir til að gera tilraunir og þróa sig í átt að persónulegri túlkun og stíliseringu á teikningum sínum. Frágangur og uppsetning verkefna í ferilmöppu til kynningar er svo í lok áfangans.

Áfangamarkmið: Þekking – leikni - hæfni

Markmið nemenda er að þeir:

- Hafi þekkingu og færni í grunnþáttum tískuteikningar.
- Geti notað skyggingu og túlkað mismunandi efni og áferðir í fatnaði.
- Kunni skil á flötum vinnuteikningum.
- Hafi þróað með sér persónulegan teiknistíl.
- Geti skipulagt vinnu sína og unnið sjálfstætt og skapandi.
- Geti unnið út frá þema og þróað verkefnið áfram.
- Hafi kynnt sér tískuteikningar eftir íslenska og erlenda hönnuði.
- Geti sett upp verkefni sín á skapandi máta í ferilmöppu.
- Geri sér grein fyrir mikilvægi vandaðrar uppsetningu á verkefnum í ferilmöppu

Mæti í alla tíma og geti unnið sjálfstætt og skipulega.

Námsmat

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 3		
Tískuteikning (HTL 232) Kennsluáætlun (Haustönn2014)		

Próflaus áfangi. Ástundun og símat. Mikilvægt að vinna öll verkefni þar sem þau gilda öll til einkunnar. Mikilvægt er að setja upp verkefni sín í möppu á áhugaverðan og skapandi hátt. **Skil eru 2 vikum eftir hverja lotu og lokaskil í síðasta tíma.**

Lota	Verklegur hluti
	Kynning á markmiðum, kennsluáætlun og áfanganum.
Lota 1	Farið yfir undirstöðuatriði og hlutföll í tískuteikningum. (30%) Tískugínur teiknaðar í grunnstöðu og frá mismunandi sjónarhornum. Form, jafnvægi, hlutföll og vaxtarlag. Unnið með hreyfinguna í líkamanum og reynt að fá áhugavert flæði í teikninguna. Skoðaðar teikningar eftir íslenska og erlenda hönnuði. Heimaverkefni: Æfingar í skissubók og ýmis verkefni.
Lota 2	Áferðarteikningar og skyggingar. (30%) Unnið með áferð og dýpt á fatnaði og hvernig efni fellur um líkamann. Skoðaðar verða ýmsar teikni og málunaraðferðir til að ná fram hreyfingu, línu, skugga, lit, form, áferð og munstri í teikningum á fatnaði. Einnig verður farið í flatar vinnuteikningar. Heimaverkefni: Hugmyndavinna í skissubók og ýmis verkefni.
Lota 3	Þróun á persónulegum teiknistíl. (40%) Unnið frjálst og skapandi og listrænn þáttur í tískuteikningum skoðaður. Unnið með liti og litasamsetningar. Þemavinna. Farið í mikilvægi framsetningu og uppsetningu verka í ferilmöppur til kynningar á sjálfum sér og vinnu sinni. Skoðaðar mismunandi leiðir í þeirri vinnu. Heimaverkefni: Hugmyndavinna og þróun í skissubók og ýmis verkefni.
LOK	Frágangur og uppsetning verkefna í möppu og verk hengd upp fyrir foreldra og vini á opnu húsi í lok annar. Allir hjálpa til. Skyldumæting er á opna húsið. Nemendur taka svo niður verk sín í lok sýningar og ganga frá í möppur.

	Námsefni
Ljósrit	Ýmis ljósrit.

Og

Mætingar

Ætlast er til að nemandi mæti í alla tíma. Slök mæting kemur niður á árangri og afköstum.

Nemandi fær 1 stig fyrir fjarvist í 1 tíma (40 mín) og ½ stig fyrir að koma of seint.

Ef þið getið ekki mætt vinsamlega látið mig vita í gegnum tölvupóst eða sms (sjá efst á blaði)

Innkaup

Blyántar eða blýpenni eða grafitblý, mjög skemmtilegt að vinna með vatnsleysanlegan blyánt.

Svartir permanent filtpennar hægt að kaupa í mismunandi breidd. Gæti verið gaman að eiga líka vatnsleysanlega (venjulega), kemur skemmtilegt áferð með þeim.

Góða vatnslitapensla t.d. nr. 2, 5, 8 og flatann nr. 6, + stærri ef vill. Hægt að nota gervihárapensla (gul hár, ekki svínshárapensla).

Plastmöppu A3 með plastumslögum (það er hægt að kaupa hana í skólanum). Ef þið hafið einhverjar aðrar hugmyndir um uppsetningu í möppu þá er það velkomið.

Skissubók A4 stærð.

Athugið

Verkefni nemenda eru geymd án ábyrgðar í 1 ár frá sýnidegi prófa og fargað hafi þau ekki verið sótt að þeim tíma liðnum

Undirritun brautarstj., fagst. eða staðgengils

Undirritun kennara

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Tískuteikning (HTL 232) Kennsluáætlun (Haustönn2014)	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 3 af 3		

Með fyrirvara um breytingar.
Gangi ykkur vel og hafið gaman af.
Amí